

## Í SKJÓLI GARÐS ER GOTT AÐ VAXA



Það er nauðsynlegt fyrir bæjarfélag sem vill að börn og ungmenni búi við bestu skilyrði til menntunar og uppvaxtar að marka skýra stefnu um málefnið. Skólastefnan ætti að segja til um hvað Garðbúar vilja helst leggja áherslu á í skólamállum og hvaða skref við ætlum að stíga til að vinna að þeim áhersluatriðum.

Skýr stefna skóla- og æskulýðsstarfs sem tengist jákvæðum viðhorfum til náms og barna virkar sem kraftmikið hjálpartæki til að ná góðum árangri ef eining er um stefnuna. Hún styrkir áhuga og gefur starfinu tilgang. Stefnan byggir upp skuldbindingu og traust og er öflug hvatning til umbóta.

Skólastefna Sveitarfélagsins Garðs er sett fyrir skólaárin 2007 – 2010 en þá er gert ráð fyrir endurskoðun. Gerð stefnunnar hófst á skólaþingi sem skólanefnd bæjarins stóð fyrir þann 26. apríl 2007. Þar störfuðu fjórir hópar eftir innlög frá Ólafi Jóhannssyni aðjúnkt við Kennaraháskóla Íslands og hugstormun úr sal. Gengið var út frá hugmyndum þinggesta um það hvernig þeir vildu sjá skóla- og æskulýðsstarf vorið 2010. Hóparnir unnu áfram við gerð stefnunnar á nokkrum fundum til viðbótar og að lokum var stefnan send til skólanna og æskulýðsnefndar til yfirferðar og athugasemda. Stefnan var samþykkt í skólanefnd 24. janúar 2008 og í bæjarstjórn 6. febrúar.

Hópstjórar voru:

Oddný Harðardóttir, grunnskóli.

Laufey Erlendsdóttir, leikskóli.

Ágústa Ásgeirsdóttir, tónlistarskóli.

Jónína Magnúsdóttir, æskulýðsstarf.

Öll börn búa yfir styrkleikum sem eiga að fá að njóta sín í skóla- og æskulýðsstarfi. Skólarnir munu nú setja áhersluatriði skólastefnunnar í starfsáætlanir sínar. Meta þarf reglulega hvort skólar og skipuleggjendur æskulýðsstarfs bæjarins hafi náð að vinna að stefnunni og grípa til viðeigandi umbótaðgerða ef nauðsyn krefur.

Öllum þeim sem komu að gerð skólastefnu Sveitarfélagsins Garðs eru þökkud góð vinnubrögð. Stefnan mun nýtast sem leiðarljós í skóla- og æskulýðsstarfi bæjarins.

*Oddný Harðardóttir*

*bæjarstjóri og formaður skólanefndar*

## SKÓLASTEFNA SVEITARFÉLAGSINS GARÐS

*Í öllu skóla- og æskulýðsstarfi í Sveitarfélaginu Garði er lögð áhersla á að:*

- Öll samskipti einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Fjölbreyttir hæfileikar barna séu viðurkenndir og sjálfsmynd þeirra styrkt.
- Aðstæður til náms séu góðar og hvetjandi.
- Samvinna heimila, skóla og æskulýðsstarfsemi sé góð og samskiptaleiðir greiðar.
- Tengsl við umhverfi, fyrirtæki og stofnanir bæjarins séu virk.
- Gleði, metnaður og umhyggja einkenni allt starf með börnum og ungmennum.

### Grunnskólinn

#### Samskipti

- Samskipti milli nemenda og starfsfólks séu ljúf og ákveðin.
- Markvisst sé unnið að góðum samskiptum á milli nemenda.
- Öllum gert ljóst að einelti er ofbeldi og ekki liðið.
- Leiðir fundnar til að rjúfa félagslega einangrun barna.
- Starfsfólk vinni sem góð liðsheild þar sem jákvæð samskipti eru einkennandi.

#### Kennsla

- Unnið út frá styrkleikum hvers og eins.
- Áhersla lögð á fjölbreytt og ögrandi verkefni.
- Fjölbreytni aukin í náms- og kennsluáferðum.
- Kostir fjölmennningar nýttir í námi og kennslu.
- Aukin áhersla lögð á skapandi hugsun og lausnaleit.

#### Aðstæður

- Hæft, ánægt og áhugasamt starfsfólk starfi við skólann.
- Faglærðir sinni störfum sem krefjast fagnáms.
- Aðstaða bætt fyrir verklegar æfingar í raungreinum.
- Aðstaða fyrir verk- og listgreinar bætt.
- Aðstaða fyrir nemendur í frímínútum löguð og rýmið úti og inni nýtt betur til leikja.
- Unnið að því að bæta loftræstingu og hljóðvist í sal skólans.
- Skapa góðar aðstæður fyrir skólasel.
- Boðið upp á hollan og góðan mat.

#### Samvinna heimila og skóla

- Mentor notaður til samskipta en því ekki gleymt að ekki eiga allir tölvu.
- Stuðlað að auknum samskiptum milli foreldra um málefni barna.
- Fundnar leiðir til að fjölga heimsóknum foreldra í skólann á skólatíma.
- Foreldrar hitti bekkjarkennara og ræði sem hópur um bekkinn.
- Skólinn hafi frumkvæði að því að flytja jákvæðar fréttir til foreldra af börnum og skólastarfi.

#### Tengsl við umhverfi

- Aukið samstarf og samskipti skóla og samfélagsins utan hans.
- Stuðlað að aukinni þátttöku fyrirtækja og stofnana í verklegri kennslu.
- Unglingum kynnt atvinnulífið með skipulögðum hætti.
- Náttúran og umhverfið nýtt til kennslu í auknum mæli.
- Unnið að því að foreldrar og aðrir fullorðnir komi í skólann og kynni störf sín.

#### Skólabragur

- Skólabragur einkennist af einkunnarorðum skólans, sem eru virðing, ábyrgð, árangur og ánægja.
- Nemendur og starfsfólk sýni áhuga og leggi sig fram.
- Glaðvæð og jákvæðni einkenni skólastarfið.
- Í öllu starfi skólans er umhyggja fyrir börnum aðalatriðið.

### Leikskólinn

#### Samskipti

- Samskipti milli allra séu góð, jákvæð og einkennist af gagnkvæmri virðingu.
- Börnin læri að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.

#### Viðfangsefni

- Unnið er út frá styrkleikum hvers og eins og mismunandi hæfileikar viðurkenndir.
- Sérstök áhersla lögð á sterka sjálfsmynd og aukið sjálfstraust.
- Félagssleg færni og samkennd innan hópsins eflað.
- Markvisst unnið með samvinnu á milli nemenda.
- Nemendur fá að takast á við fjölbreytt og hvetjandi verkefni sem efla alhliða þroska.
- Unnið með virðingu og ábyrgð einstaklingsins fyrir eigin umhverfi.

#### Aðstæður

- Hæft, ánægt og áhugasamt starfsfólk vinni við skólann.
- Faglærðir sinni störfum sem krefjast fagnáms.
- Umhverfi lestrarhvetjandi.
- Húsnæði leikskólans og leiksvæði sé öruggt.
- Fjórða deild leikskólans tekin í notkun.
- Ávallt boðið upp á hollan og góðan mat.

### Samvinna heimila og leikskóla

- Samskipti milli leikskóla og foreldra jákvæð og traust.
- Leitast við að foreldrar séu virkir þátttakendur í skólasamfélaginu og vel upplýstir um starfsemi skólans.
- Foreldrar hvattir til að eiga góð samskipti sín á milli.

#### Tengsl við umhverfi

- Reglulega haft samstarf við aðra leikskóla.
- Náttúran og nánasta umhverfi nýtt í leik og starfi.
- Börnin kynnist heimabyggð fyrr og nú.
- Leikskólinn sé í góðum tengslum við skóla, atvinnulíf, stofnanir og félagsstarfsemi í bænum.
- Leikskólinn vinni með ríkjandi menningu samfélagsins varðandi kristna trú, s.s. um jól og páska en ber jafnframt virðingu fyrir öðrum trúarbrögðum.
- Umhverfið notað til að marka skólanum frekari sérstöðu.
- Verkefni nemenda verði gerð sýnileg.

#### Skólabragur

- Skólabragur einkennist af einkunnarorðum skólans, sem eru virðing, gleði og leikur.
- Stuðlað að heilbrigði með góðu jafnvægi milli hreyfingar og hvíldar.

### Nú haustar að

Einhverja nóttina koma skógarprestirnir að tína reyniber af trjánum áður en þeir leggja í langferðina yfir hafið, en það eru ekki þeir sem koma með haustið það gera lítil börn með skólatöskur.

*Vilborg Dagbjartsdóttir*

